



Svæðisskipulagsnefnd SSA

Mætt: Eydís Ásbjörnsdóttir (Fjarðabyggð), Lárus Heiðarsson (Fljótaldshreppur), Stefán Bogi Sveinsson (Múlaþing), Axel Örn Sveinbjörnsson (Vopnafjarðarhreppur), Gunnþórunn Ingólfssdóttir (Fljótaldshreppur), Sara Elísabet Svansdóttir (Vopnafjarðarhreppur), Huguína Hjálmarssdóttir (Múlaþing), Gunnar Jónsson (Fjarðabyggð) Jóna Árný Þórðardóttir (Austurbrú) og Jón Knútur Ásmundsson (Austurbrú).

Frá Alta: Matthildur Kr. Elmarsdóttir og Elín Guðnadóttir

Boðuð forföll: Valur Sveinsson (Fjarðabyggð).

Fundurinn var haldinn 28. apríl 2022 í Valaskjálfi, Egilsstöðum.

SBS stýrði fundi og gengið var til dagskrár klukkan 14:15.

1. Kynning á minnisblaði Alta

Tillaga að Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 ásamt tilheyrandi umhverfismatskýrslu var birt í samráðsgátt stjórnvalda og á vef Austurbrúar þann 21. mars 2022, til kynningar og umsagnar í samræmi við 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. nr. 123/2010 og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Auglýsingar um kynninguna voru birtar í Fréttablaðinu, í Austurglugganum, á vefsíðum sveitarfélaganna og á Facebook-síðu og vef Austurbrúar. Tillagan var jafnframt kynnt hjá sveitarfélögunum.

Gefinn var frestur til 21. apríl til að senda inn umsagnir og athugasemdir. Lögbundnir umsagnaraðilar og fjöldi annarra aðila fékk bréf með ósk um umsögn og bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

1. Bandalag íslenskra listamanna, dags. 21.4.2022
2. Ferðamálastofa, dags. 22.4.2022
3. Félag íslenskra safna og safnmanna, dags. 20.4.2022
4. Fjarskiptastofa, dags. 2.4.2022
5. Hafrannsóknastofnun, dags. 19.4.2022
6. Hallormsstaðaskóli, dags. 21.4.2022
7. HEF veitur, dags. 19.4.2022
8. Heilbrigðisstofnun Austurlands, dags. 21.4.2022
9. Helgi Ómar Bragason, jarðeðlisfræðingur og fv. skólameistari ME, dags. 21.4.2022
10. Jakob Sigurðsson, Borgarfirði eystra, dags. 7.4.2022
11. Kolbrún K. Halldórsdóttir, formaður stjórnar Félags leikstjóra á Íslandi og fv. forseti BÍL, dags. 21.04.2022
12. Landsnet, dags. 20.4.2022
13. Landsvirkjun, dags. 20.4.2022

14. Landvernd, dags. 21.4.2022
15. Menningarmiðstöðvar á Austurlandi, dags. 19.4.2022
16. Menntaskólinn á Egilsstöðum, dags. 4.4.2022
17. Minjasafn Austurlands, dags. 19.4.2022
18. Minjastofnun Íslands, dags. 25.4.2022
19. Náttúrufræðistofnun Íslands, dagss. 20.4.2022
20. Náttúrustofa Austurlands, dags. 25.4.2022
21. Norðurþing, dags. 6.4.2022
22. Pétur Heimisson, heimilislæknir Egilsstöðum, dags. 21.4.2022
23. Philip Vogler, Egilsstöðum, dags. 31.3.2022
24. Rarik, dags. 27.4.2022
25. Samgöngustofa, dags. 1.4.2022
26. Skógræktin, dags. 19.4.2022
27. Umhverfisstofnun, dags. 22.4.2022
28. Vatnajökulspjöldgarður 22.4.2022
29. Veðurstofa Íslands dags. 22.4.2022
30. Vegagerðin, dags. 12.4.2022
31. Skipulagsstofnun, dags. 28.4.2022

Svæðisskipulagsnefnd felur Austurbrú og skipulagsráðgjöfum í samráði við formann og varaformann, að uppfæra minnisblað með svörum við umsögnum, sem lagt var fram á fundinum, í samræmi við umræður á honum. Svæðisskipulagsnefnd leggur til, með tilvísan í 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, að sveitarstjórnir Fjarðabyggðar, Fljótsdalshrepps, Múlaþings og Vopnafjarðarhrepps samþykki svæðisskipulagstillöguna með þeim lagfæringum sem lýst er í framangreindu minnisblaði sem er fylgiskjal með fundargerð.

Í kjölfar samþykktar sveitarstjórna verður svo lagfærð svæðisskipulagstillaga ásamt umhverfisskýrslu send Skipulagsstofnun til athugunar, sbr. framangreindar lagagreinar. Ef ekki berast athugasemdir frá Skipulagsstofnun, innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst stofnuninni, verði tillagan og umhverfisskýrslan auglýst skv. 24. gr. skipulagslaga og 15. gr. laga um umhverfismat áætlana.

Svæðisskipulagsnefnd þakkar sendendum kærlega fyrir ábendingar og samþykkir að þessi fundargerð og fylgiskjal hennar verði send hverjum þeirra.

Fleira ekki gert og fundinum slitið 19:30.

Undirritunarsíða

Axel Örn Sveinbjörnsson

Sara Elísabet Svansdóttir

Stefán Bogi Sveinsson

Hugrún Hjálmarsdóttir

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Lárus Heiðarsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Jóna Árný Þórðardóttir

Gunnar Jónsson